

Forvarnaráætlun Melaskóla gegn kynferðislegri misnotkun og ofbeldi

Inngangur

Melaskóli, í samstarfi við þjónustumiðstöð Vesturgarðs, fékk styrk úr Forvarnarsjóði velferðarráðs Reykjavíkurborgar í ársbyrjun 2010 til að standa straum af kostnaði við að fá samtökin Blátt Áfram til þess að halda námskeið fyrir alla starfsmenn skólans og fræðslu fyrir nemendur.

Markmið verkefnisins er að efla forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum og þátttakendur eru allir starfsmenn og nemendur Melaskóla. Kennarar og starfsmenn höfðu ítrekað óskað eftir því að fá faglega ráðgjöf og fræðslu um það hvernig þekkja megi helstu einkenni kynferðislegs ofbeldis eins og það birtist hjá börnum. Ákveðið forvarnargildi felst í því að starfsmenn þekki einkennin og kunni að bregðast við á fordómalausan og viðeigandi hátt. Skólinn hefur einnig unnið að því að gera áætlun um það hvaða ferli fari af stað þegar slík mál koma upp. Hluti af slíkri áætlun er að halda reglulega fræðslufundi/námskeið fyrir starfsfólk skólans.

Í framhaldi af námskeiðinu fengu allir nemendur í 5. bekk að sjá brúðuleiksýninguna *Krakkarnir í hverfinu* sem er fræðslusýning um ofbeldi gagnvart börnum og tekur á ýmsum birtingarmyndum þess. Sýningin er samvinnuverkefni *Blátt Áfram*, *Sögusvuntunnar* og leikhússins *Tíu fingur*. Langtímamarkmið skólans er að festa sýninguna í sessi, að nemendur læri að þeir geti treyst starfsmönnum og að ef þeir segja frá fái þeir hjálp. Við lok 7. bekkjar eiga allir nemendur að hafa fengið fræðslu um þetta efni.

Hópur starfsfólks hefur unnið að tillögum um það hvernig best verði staðið að forvarnaráætlun um viðbrögð við grun um kynferðislegt ofbeldi. Einnig hefur þessi hópur unnið fræðsluáætlun þar sem ýmis önnur forvarnarverkefni til umfjöllunar, bæði námsefnistengd og önnur sem heyra undir almenna lífsleikni. Þau eru oft unnin í samvinnu umsjónarkennara og skólahjúkrunarfræðings.

Forvarnaáætlun Melaskóla

Í forvarnaáætlun Melaskóla er stuðst við lög um barnavernd nr. 80/2002

<http://www.althingi.is/altext/stjt/2002.080.html> og reglugerð nr. 56/2004 um málsmeðferð hjá barnaverndarnefnd. <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/056-2004>

Í IV kafla laga um barnavernd er að finna ákvæði um tilkynningaskyldu í greinum 16, 17 og 18. Grein 19 kveður á um nafnleynd tilkynnenda, grein 31 um neyðarráðstafanir og grein 43 um rannsóknarheimildir.

Starfsmönnum skólans ber að vanda störf sín, gæta fyllstu hlutlægni og faglegra vinnubragða. Þeir skulu sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvarðanir eru teknar. Starfsmenn skulu sýna fyllstu nærgætni þegar þeir kanna og fara með mál. Þeim ber að gæta fyllsta trúnaðar og mega ekki skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þeir í starfi sínu verða vísir að um einkahagi annarra. Einnig er mikilvægt að þeir leiti stuðnings og ráðfæri sig við skólahjúkrunarfræðing og/eða aðra aðila nemendaverndarráðs ef grunur um kynferðislegt ofbeldi vaknar.

Ef grunur vaknar um að nemandi sæti eða hafi orðið fyrir kynferðislegri áreitni og/eða heimilisofbeldi á skólahjúkrunarfræðingur/nemendaverndarráð ásamt umsjónarkennara að safna saman upplýsingum um:

- hegðun barnsins
- líðan barnsins í skólanum
- námsstöðu
- teikningar
- félagslega stöðu í skólanum
- félagslegar aðstæður barnsins
- samskipti skóla við foreldra

Grun um misnotkun skal tafarlaust tilkynna skólahjúkrunarfræðingi/nemendaverndarráði. Auk hjúkrunarfræðings, skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra sérkennslu eiga sálfræðingur, félagsráðgjafi og kennsluráðgjafi frá Vesturgarði sæti í nemendaverndarráði. Skólahjúkrunarfræðingur/nemendaverndarráð sér um að tilkynna til Barnaverndar. Náist ekki í skólahjúkrunarfræðing eða fulltrúa nemendaverndarráðs þegar mikið liggur við er hægt að hringja í neyðarlínuna, 112 og fá beint samband við Barnavernd sem ráðleggur um næstu skref.

Ef barnið á sjálf frumkvæði að því að segja frá kynferðislegri misnotkun og/eða heimilisofbeldi á kennari/starfmaður að beita virkri hlustun og leyfa barninu að tjá sig án leiðandi spurninga.

Ef upplýsingarnar frá barni gefa mynd af alvarlegu ástandi inni á heimili ber kennara/starfsmanni að hafa tafarlaust samband við yfirvöld og sjá til þess að barnið fari ekki heim.

Ef gerandi er foreldri/forráðamaður er honum ekki tilkynnt um að tilkynning verði/hafi verið send til Barnaverndar. Ef ljóst er að gerandi er utan heimilis lætur skólahjúkrunarfræðingur/ nemendaverndarráð foreldra vita um leið og tilkynning er send.

Ef foreldri snýr sér til umsjónarkenna/starfsmanns og segist gruna ofbeldi á öðru barni en sínu eigin ber að hvetja viðkomandi til að tilkynna það beint til Barnaverndar. Starfsmaðurinn lætur skólahjúkrunarfræðing/nemendaverndarráð vita.

Vinna með nemendum

Unnið er samkvæmt skólanámsskrá í lífsleikni að því að efla sjálfsmynd nemenda og auka öryggi þeirra. Markmið fræðslunnar er að nemendur læri að þekkja tilfinningar sínar og skoðanir, koma þeim á framfæri og að setja mörk.

Eftirtalin verkefni verða bundin ákveðnum árgöngum með svigrúmi fyrir breytingar eftir þörfum.

1. bekkur – unnið með bókina *Líkaminn minn*. Skólahjúkrunarfræðingur er með fræðslu
2. bekkur – unnið með bókina *Þetta eru mínir einkastaðir*
3. bekkur – unnið með teiknimyndina *Leyndarmálið*
4. bekkur - unnið með aðrar útfærslur á því efni sem þegar er búið að fara yfir
5. bekkur – brúðuleiksýningin *Krakkarnir í hverfinu* (eftir því sem fjármagn leyfir)/Teiknimyndin *Leyndarmálið* og umræður um innihald hennar.

6. bekkur – skólahjúkrunarfræðingur fer í bekkina með kynfræðslu.
7. bekkur – Líkami mannsins. Íþróttakennarar og skólahjúkrunarfræðingur koma að fræðslu um kynþroskaaldur.

Forvarnarfræðsla skólahjúkrunarfræðings Melaskóla

1. bekkur Hreinlæti (handþvottur og tannhirða)
 Hollusta (morgunverður, ávextir/grænmeti/lýsi)
 Slysavarnir (hreyfing og hjálmanotkun)
 Líkaminn minn (forvarnir gegn kynferðislegu áreiti/ofbeldi)
2. bekkur Hvíld og hamingja (svefn og sjálfsmynd)
3. bekkur Hollusta og hreyfing (fæðuhringurinn/íþróttir/útvíst)
4. bekkur Slysavarnir (þekkja hættur í nærumhverfi/fyrsta hjálpin/öryggisbelti í bíl)
 Tannvernd (tannhirða/hollusta fyrir tennur)
 Sjálfsmynd (jákvæðni/virðing/styrkleikar)
5. bekkur Hreyfing og hollusta (meta hreyfivenjur sínar/mataræði/mikilvægi ákveðinna
 þátta/hafa áhrif sjálfur/fjölbreytni)
 Samskipti (virða skoðanir annarra/setja sig í spor annarra/hlusta/sýna
 tillitssemi/heiðarleiki)
6. bekkur Kynþroski (breytingar á líkama/tilfinningum)
7. bekkur Hugrekki (ferli til ákvarðanatöku/mikilvægi góðrar sjálfsmyndar)
 Tannvernd (burstun/þráður/flúor/orsök og afleiðing glerungseyðingar)
 Húðflúr og götun (að hverju þarf að hyggja/áhrif þess á líkaman)
 Kynþroskaaldurinn(íþróttakennarar)

Kynferðisleg misnotkun er:

Hvers kyns kynferðisleg athöfn milli fullorðins einstaklings og ólögráða einstaklings þar sem annar aðilinn hefur vald yfir hinum eða tveggja ólögráða einstaklinga þar sem annar aðilinn hefur vald yfir hinum. Kynferðisleg misnotkun er refsiverð samkvæmt lögum.

http://www.blattafram.is/displayer.asp?page=253&FAQ_ID=1&FAQ=FAQ&ap=FAQDetail.asp&Article_type=Frettir&p=ASP\~Pg253.asp

Að þekkja merki kynferðislegrar misnotkunar

Börn sem eru of hrædd til að tala um kynferðislegt ofbeldi geta haft líkamleg eða andleg einkenni. Foreldrar eru ábyrgir fyrir því að sjá einkenni ofbeldis. Hér að neðan eru talin nokkur atriði sem eru mjög mikilvæg.

- Líkamleg einkenni eru ekki algeng en ber að athuga ef eitthvað er ekki eins og það á að vera, svo sem rispur, bólgur eða blóð í kringum kynfæri.
- Vandamál sem tengjast kvíða eins og maga- og/eða höfuðverkur getur gert vart við sig.
- Breyting á hegðun eins og feimni, hræðsla og grátköst geta verið merki um að eitthvað alvarlegt sé að.
- Óvenjulegur áhugi og vitund um kynferðislegt athæfi eða óviðeigandi framkoma eða atlot miðað við aldur.
- Hræðsla við einhverja manneskju eða hræðsla við að vera skilin eftir á ákveðnum stað.
- Breyting á hegðun eins og feimni, hræðsla, mótþrói, grátur án þess að eitthvað hafi gerst.
- Engin matarlyst eða ofát.
- Hræðsla við myrkrið, martraðir eða svefnleysi. Stundum getur fullkomnunarárátta verið merki um að barnið sé að fela eitthvað.
- Mundu að stundum eru engin sjáanleg merki!

(http://www.blattafram.is/displayer.asp?page=253&FAQ_ID=3&FAQ=FAQ&ap=FAQDetail.asp&Article_type=Frettir&p=ASP\~Pg253.asp)

Heimildir

Daknesstolight. (2006). *Tekist á við kynferðislega misnotkun á börnum af hugrekki. Gagnvirk vinnubók.* Charleston, SC 29403.

Barnaverndarlög. (2002), nr. 80. Reykjavík. Alþingi.

Reglugerð um málsmeðferð hjá barnaverndarnefnd. (2004),nr. 56. Reykjavík. Alþingi.

Greinargerð starfshóps í Reykjavík. (2006). *Fræðslu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.* Reykjavík.

Leikskólinn Gullborg. (2009). *Starfsaðferðir í leikskólanum Gullborg vegna gruns um kynferðislega misnotkun eða ofbeldi gagnvart börnum.* Skýrsla um samstarf Gullborgar og Blátt Áfram.

<http://www.althingi.is/altext/stjt/2002.080.html>

www.blattafram.is

www.darkness2light.org

<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/056-2004>